

BERGLJÓT SOFFÍA KRISTJÁNSDÓTTIR,
GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR
OG SIGRÚN MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

„eins og að reyna að æpa í draumi“

Inngangur að þema

1.

– – – „og svo hleypur stóra, stóra dýrið á eftir litla dýrinu, svona hart hart, – en það er ekkert hrætt og ekkert þreytt eins og litla dýrið – því þykir bara gaman, voða gaman, þetta er leikurinn þess – eins og kisu þykir svo gaman að kvelja litlu músina áður en hún drepur hana – voða, voða gaman!“¹

Á þessa leið hefst „Dýrasaga“ eftir Ástu Sigurðardóttur sem birtist í smá-sagnasafninu *Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns* árið 1961. Sagan segir frá stúlkubarni sem beitt er margvíslegu ofbeldi af stjúpum sínum. Tilvitnunin hér að framan er hluti af dýrasögu sem stjúpinn segir barninu hvað eftir annað til að hræða það; sú fjallar um hvernig stórt dýr eltir lítið dýr og drepur það, ekki sér til matar heldur til skemmtunar. Þegar stóra dýrið hefur hvílt sig eftir drápið leitar það að næsta fórnarlambi; litlu dýrin eru aldrei óhult, dráp þeirra er samfelld hringrás. Saga stjúpans endurspeglar samskipti hans og stúlkunnar en hann virðist beita hana kynferðislegu ofbeldi ekki síður en sálrænu – en móðurina, sem ver barnið, kúgar hann með barsmíðum.² Til að undirstrika sársauka barnsins, hræðslu og vanlíðan og í sömu mund yfirráð og ógn stjúpans er smásagan myndskreytt með dúkristu – eftir Ástu sjálfa – sem sýnir lítið dýr, óttaslegið stúlkubarn og svart ógnandi dýr. Dúkristan prýðir forsíðu *Ritsins* þessu sinni enda tengist

¹ Ásta Sigurðardóttir, „Dýrasaga“, *Sögur og ljóð*, 2009, bls. 121–132, hér bls. 121. – Titill inngangsins er sóttur til Rögnu Sigurðardóttur, sjá Ragna Sigurðardóttir, *Vínkonur*, Reykjavík: Mál og menning, 2016, bls. 5.

² Dagný Kristjánsdóttir hefur skrifað um „Dýrasögu“ þar sem hún fjallar meðal annars um samband stjúpans og telpunnar. Sjá Dagný Kristjánsdóttir, „Myndir“, *Undirstráumar*, 1999, bls. 139–153.

hún og saga Ástu vel þema þess sem er kynbundið ofbeldi. Ásta veigraði sér ekki við að fjalla um ýmis málefni sem allajafna lágu í þagnarhjúpi á hennar tíð og hún segir frá kynbundnu ofbeldi víðar en í „Dýrasögu“.

Það eru ekki ný tíðindi að hvítir karlar hafi frekast farið með völd í vestrænum samfélögum og stjórnað því um hvað hefur verið rætt, hvar og hvenær; heldur ekki að fyrir vikið hafi raddir kvenna, barna og margra minnihlutahópa lengst af ekki hljómað hátt. En eitt af því sem löngum hefur verið þaggað rækilega niður eru umræður um kynbundið ofbeldi. Það má skilgreina sem ofbeldi á grundvelli kynferðis – líkamlegt, sálrænt, kynferðislegt eða fjárhagslegt – sem veldur eða gæti valdið þeim sem fyrir verður skaða eða þjáningum af einhverju tagi. Þar á meðal er þá ofbeldi sem þeir sæta sem kallaðir hafa verið „kyngervisútlagar“ (e. *gender outlaws*) sögunnar, þ.e. hinseginfólk.³

Rekja má ýmis dæmi um kynbundið ofbeldi. Því hefur til að mynda verið markvisst beitt í styrjöldum allt fram á þennan dag eins og glöggt má sjá á skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á nauðgunum sem stríðsvopni.⁴ Íslensk saga sýnir að karlar geta orðið fyrir kynbundnu ofbeldi á stríðstímum rétt eins og konur. Í „Íslendinga sögu“ Sturlu Þórðarsonar er sagt frá því hvernig Sturla Sighvatsson lætur meiða frænda sinn Órækju Snorrason í Surtshelli. Sturla fær Þorstein langabein til verksins og sagan segir m.a:

Var þá tekinn knífur og vafiður og ætlað af meir en þverfingur. Órækja kallaði á Þorlák biskup sér til hjálpar. Hann söng og í meiðslunum bænina Sancta María, mater domini nostri Jesu Christi [Heilög María, móðir drottins vors Jesú Krists]. Þorsteinn stakk í augun knífinum upp að vafinu. En er því var lokið bað Sturla hann að minnast Arnbjargar [Arnórsdóttur, konu Órækju] og gelda hann. Tók hann þá burt annað eistað.⁵

³ Um „kyngervisútlaga“ sjá t.d. Brenda Cossman, „Gender performance, sexual subjects and international law“, *Canadian Journal of Law & Jurisprudence* 2/2002, bls. 281–296, hér bls. 289–293. Sjá einnig Aeyal Gross, „Gender Outlaws Before the Law: The Courts of the Borderland“, *Harvard Journal of Law & Gender* 2009, bls. 165–231.

⁴ „Rape: Weapon of war“, *United Nations Human Rights: Office of the High Commissioner*; sótt 2. desember 2018 af <https://www.ohchr.org/en/newsevents/pages/rapeweaponwar.aspx>. Um þetta efni sjá einnig Doris E. Buss, „Rethinking ‘Rape as a Weapon of War’“, *Feminist Legal Studies* 2/2009, bls. 145–163.

⁵ „Íslendinga saga“, *Sturlunga saga I*, ritstj. Örnólfur Thorsson, Reykjavík: Svart á hvítu, 1988, bls. 381.

Órækja fær þó sýn sína – að því er virðist fyrir kraftaverk – og reynist þegar upp er staðið „heill“.⁶ Engum sögum fer hins vegar af örlögum ónefndu konunnar sem Krístrún farkona nefnir í frásögn „Íslendinga sögu“ af Sauðafellsför Vatnsfirðinga. Þeir hyggjast vege Sturlu Sighvatsson en hann er ekki heima þannig að þeir höggva jafnt konur sem gamalmenni. Sagan segir:

Þeir brutu og upp gripakistu Solveigar [konu Sturlu Sighvatssonar]. Þá kom þar að Eyvindur austmaður brattur. Hann sá hvar upp var svarfað og fékk í hendur Krístrúnu farkonu. Þá seildist maður til og vildi taka af henni. Hún bað hann heilan svo að taka eigi af sér og sagði hlut sárna manna yfrið þungan þótt hún næði um að binda og smyrslum á að ríða. *Hún sagði og konu þá er brjóstin bæði voru af böggin yfrið þungt að tekna þótt þau næðu smyrslum þeim er til væri.* Lét hann þá af hendur og lést eigi vita hvað hún segði. Krístrún gekk þá í stofu og fékk Valgerður [Jónsdóttir; Keldna-Valgerður] gullhúsið.⁷

Kynbundið ofbeldi er oft tengt sífjaspellum. Þekkt eru Hvassafellsmál svokölluð, þegar Hólabiskup á 15. öld lét kanna sögusagnir um að Bjarni Ólason bóndi hefði samrekktt dóttur sinni, Randíði, þegar hún var þrettán til fimmtán vetra. Bjarni játaði sekt sína í varðhaldi hjá biskupi en sór þess síðar eið fyrir svokölluðum leikmannadómi að hann væri saklaus og sagði játningu þvingaða fram með harðræði. Lára Magnúsdóttir er ein þeirra sem fjallað hefur um málið. Hún segir að ákæran á hendur Bjarna hafi ekki

⁶ Sama rit, bls. 382. Á miðöldum voru karlar víða blindaðir og geltir ef þeir urðu uppvísir að drottinsvikum eða landráðum. Í íslenskum þjóðveldislögum eru engin ákvæði um landráð enda sat hvorki konungur né keisari hér að ríkjum. Með hinni nýju lögbók, *Jónsbók*, sem Íslendingar fengu 1281 eftir að þeir gengu Noregskonungi á hönd varð breyting á þessu, sbr. Guðni Th. Jóhannesson, „Peir fólar sem frelsi vort svíkja“: Lög áskanir og dómar um landráð á Íslandi“, *Saga* 2/2009, bls. 55–88, hér bls. 58.

⁷ Sama rit, bls. 313, leturbreyting okkar. Þess má geta að sérstakt pyntingartól var notað á miðöldum til að skera brjóst af konum, kallað járnkóngulóin (e. *iron spider*) eða brjóstaristan (e. *breast ripper*). Tólið var meðal annars notað við yfirheyrslur á konum sem grunaðar voru um hórdóm, fóstureyðingar eða nornakúnstir. Sjá t.d. Michele Lise Tarter, „Bringing Forth Life from Body to Text: The Reclamation of Childbirth in Women’s Literature“, *This Giving Birth: Pregnancy and Childbirth in American Women’s Writing*, ritstj. Julie Tharp og Susan MacCallum Whitcomb, Ohio: Bowling Green State University Popular Press, 2000, bls. 9–39, hér bls. 23.

snúist um blóðskömm eina heldur „mögulega nauðgun“ og bendir m.a. á að ferlið sem lýst sé í játningu hans sé sambærilegt við það sem víða megi sjá í lýsingum *brotahöla* í nýlegum málum.⁸ Lára gerir einnig grein fyrir stöðu Randíðar í málinu – sem er flókið og lýsir m.a. átökum kirkjuvalds og veraldlegs valds – en Randíður var á þeim aldri að hún taldist ekki barn en þó ekki lögráða. Hún var bannfærð fyrir legorðssökina. Eins og faðir hennar neitaði hún sekt fyrir leikmannadómi en Lára færir ýmis rök fyrir því að hagsmunir stúlkunnar hafi naumast skipt miklu í málsmeðferðinni heldur hagsmunir karlanna sem hlut áttu að máli.⁹ Í svipaðan streng tekur Þorgerður H. Þorvaldsdóttir fyrir.¹⁰

Randíður varð ekki þunguð af samræðinu við föður sinn og dauðarefsing lá ekki við blóðskömm á miðöldum. Slík refsing kom til með Stóradómi á 16. öld en dauðarefsingin var ekki afnumin fyrr en 1870. Már Jónsson, sem skrifað hefur ítarlega um dulsmál (1600–1900) og blóðskömm (1270–1870) í íslenskri sögu rekur m.a. þetta átakanlega dæmi frá þriðja áratug 18. aldar um afleiðingar kynbundins ofbeldis fyrir brotahölan:

Halldóra Jónsdóttir og faðir hennar Jón Eyjólfsson á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði í Norður-Múlasýslu. Hann hafði nauðgað henni. Barnið fæddist á góu. Hann tók við því í hús og gróf án vitundar hennar. Þau voru dæmd til dauða að Dvergasteini 8. júní. Á alþingi var dómurinn staðfestur og Jón höggvinn 16. júlí, en sök hennar vísað til konungs. Konungur ákvað 9. júlí 1728 að hana skyldi taka af lífi og það var gert 17. ágúst 1729.¹¹

Enda þótt dauðarefsing fyrir blóðskömm hafi verið numin úr gildi seint á 19. öld, þannig að ekki væri hættá á að konur sem lentu í svipaðri aðstöðu og Halldóra ættu von á að vera teknar af lífi, var ekki víst að gerendur hlytu

⁸ Lára Magnúsdóttir, *Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275–1550: Lög og rannsóknarforsendur*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007, bls. 193 og 207, leturbreyting okkar.

⁹ Sama rit, bls. 206–213.

¹⁰ Þorgerður Þorvaldsdóttir, „Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður? Athugun á hlut kvenna í kennslubókun í sögu fyrir grunn- og framhaldsskóla“, *Saga* 1/1996, bls. 273–305, hér bls. 292–293.

¹¹ „Annáll dulsmála á Íslandi, frá lokum 16. aldar til upphafs 20. aldar“, *Dulsmál á Íslandi 1600–1900, fjórtán dómur og skrá*, Már Jónsson bjó til prentunar og skrifar inngang, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2000, bls. 251.

dóma fyrir brot sín gegn þeim.¹² Lengi voru í gildi lög um að aðeins mætti refsast fyrir nauðgun ef konan hefði ekki orðið sér til mannorðsminnkunar, eða allt til ársins 1940 eins og fram kemur í grein Þorgerðar Einarsdóttur og Þórhildar Sæmundsdóttur í þessu hefti *Ritsins*. Í dómum um kynbundið ofbeldi frá 19. og 20. öld má líka finna merkileg dæmi um ríkjandi viðhorf dómara til brotþolans. Guðfinna M. Hreiðarsdóttir sem skrifað hefur um ofbeldi gegn börnum 1802–1919, rekur t.d. mál frá 1911 þar sem barnakennari nokkur nauðgar 14 ára stúlku – sem hann hefur fyrr reynt að hafa samræði við í frímínútum. Landsyfirrétur dregur ekki í efa að kennarinn hafi haft samræði við stúlkuna án samþykkis hennar en segir þó:

en hins vegar má telja það víst, að hún hefir ekki veitt honum þá mótspyrnu gegn tiltæki hans, að hann hafi getað gengið úr skugga um það, að áleitni hans hafi verið henni þvert um geð.¹³

Fyrir vikið er kennarinn ekki dæmdur fyrir nauðgun heldur fyrir að hafa tælt stúlkuna til legorðs við sig. Guðfinnu þykir þetta „furðuleg niðurstaða“ en dómurinn vitnar kannski frekast um rötgróna afstöðu karla – þar með talinna dómara – til kvenna: Það nægir ekki að þær hafni samræði við karlmann (og stirðni kannski af skelfingu við tilhugsunina eina); þær verða helst að bíta og slá svo að ljóst sé að þær séu ekki til reiðu. Og jafnvel það dugir ekki til.

Árið 1858 var Ólafur bóndi Gíslason ákærður fyrir að hafa nauðgað tuttugu og sex ára gamalli stúlku, Guðríði Bessadóttur. Hún var bæði sögð vera „fáraðling[ur]“ og „ófermd“ en tekið var fram að Ólafur væri „eigin-

¹² Í þessu samhengi er vert að minnast frægs máls Natans Ketilssonar, Agnesar Magnúsdóttur og Sigríðar Guðmundsdóttur frá fyrri hluta 19. aldar en Helga Kress hefur fært rök fyrir því að ástæða þess að konurnar áttu þátt í að myrða Natan hafi verið sú að hann misnotaði þær kynferðislega og líkamlega. Þá bendir Helga á að dómsbók vitni um að Agnes og Sigríður hafi báðar greint frá misnotkuninni í yfirheyrslum en sýslumaðurinn hafi kosið að líta framhjá því. Sjá Helga Kress, „Eftir hans skipun: Natansmál í ljósi sagnadansa og eftirmæla Agnesar“, *Sagnir* 1/2014, bls. 99–118, hér einkum bls. 104–115. Í svipaðan streng og Helga tóku verjendur í sýndarréttarhöldum sem Lögfræðingafélagið stóð fyrir á Hvammstanga yfir þeim Agnesi, Friðriki og Sigríði 9. september 2017, sjá t.d. Aðalheiður Ámundadóttir, „Baráttukonan Agnes“, *Fréttablaðið*, 9. september 2017, bls. 34.

¹³ Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, „Dáin úr vesöld: athugun á málum sem komu fyrir Landsyfirrét 1802–1919 varðandi ofbeldi gagnvart börnum“, *Sagnir* 1/1990, bls. 6–15, hér bls. 14.

kvæntr maðr og aldrei fyrri sakfallinn fyrir nokkurt lagabrot¹⁴. Ætla má að þessi vitnisburður um aðila málsins hafi haft nokkur áhrif á lokaúrskurð yfirdóms. Þá ályktun má draga af því að réttarkerfið virðist enn andsnúið fötluðum einstaklingum sem verða fyrir kynferðisafbrotum.¹⁵ Löggæslufólk telur þá að minnsta kosti vera óáreiðanleg vitni enn þann dag í dag og kemur það illa heim og saman við að tvisvar til fimm sinnum líklegra er talið að fatlaðar konur verði fyrir kynferðisofbeldi en ófatlaðar.¹⁶ En hvernig sem því er farið, í ágripi sem birtist í *Þjóðólfi* um málsatvik í fyrrgreindu 19. aldar máli segir að Ólafur hafi:

„falað hana [Guðríði] til samræðis og flett upp um hana fötunum, en er hún eigi vildi verða við vilja hans og fór að hljóða“, „lokkaði hana með sér inn í bæinn og lokaði aptr eptir þeim og inn í baðstofu, lagði hana þar upp í rúm“, og hafði þar fram með henni vilja sinn.¹⁷

Ólafur var sakfelldur í héraði fyrir nauðgun og hórdóm „í fyrsta sinn“ en áfrýjaði málinu til yfirdóms sem komst að annarri niðurstöðu.¹⁸ Að sögn *Þjóðólfs* þótti dómurum yfirdóms, það er að segja öllum nema einum:

[...] réttargjörðirnar bera með sér, að stúlkan hefði „ekki hljóðað, þegar hinn dómfeldi lagði hana upp í rúmið, og að ekki væri að sjá, að hún þá hafi veitt neina mótstöðu“, og þess vegna virtist yfirdóm-inum „ekki næg ástæða til að álíta, að nein slík aðferð hafi verið við höfð af ákærða, eða [...] álíta að hann hafi gjört sig sekan í nauðgun.“¹⁹

¹⁴ „Dómr yfirdómsins í sökinni: réttvísín, gegn Ólafi Gíslasyni úr Arnessýslu“, *Þjóðólfi* 17. apríl 1858, bls. 75.

¹⁵ Fimm þroskahamlaðar konur lýstu kynferðislegri áreitni af hendi sama mannsins. Ríkissaksóknari felldi niður rannsókn málsins vegna þess að maðurinn neitaði ásökunum. Sjá Ingi R. Ingason og Helgi Seljan, „Þroskahamlaðir njóta minni verndar“, *Kastljós*, 3. nóvember 2015, sótt 10. desember 2018 af <http://ruv.is/frett/throskahamladir-njota-minni-verndar>.

¹⁶ Sjá t.d. Hilary Brown, June Stein og Vicky Turk, „The sexual abuse of adults with learning disabilities: Report of a second two-year incidence survey“, *Mental Handicap Research* 1/1995, bls. 3–24.

¹⁷ „Dómr yfirdómsins í sökinni: réttvísín, gegn Ólafi Gíslasyni úr Arnessýslu“, *Þjóðólfi* 17. apríl 1858, bls. 75.

¹⁸ Þess má geta að Ólafi var gert að greiða Bessa bónda, föður Guðríðar, 10 ríkisdali fyrir brotið gegn dótturinni. Stúlkunni voru engar bætur dæmdar. Sjá sama heimild, bls. 75.

¹⁹ Sama heimild, bls. 75.

Af þessu má sjá að erfitt getur reynst hve dómarmar meta málgögn á gagn-ólíkan hátt. Hljóðin í stúlkunni, sem sætir ofbeldi, eru þó jafnan lykilatriði og hversu kröftuglega hún spyrnir á móti nauðgaranum. Geta má sér til um að einhverjir karlar í dómastétt hafi viljað sjá rifin föt og líkamlega áverka áður en þeir voru tilbúnir að dæma aðra karla nauðgara, fremur en þeir hafi spurt hvers fötluð stúlka megnaði gegn ófötluðum karlmanni. En Ólafur bóndi var þó fundinn sekur um hórdómsbrot, þar sem hann var kvæntur.

Kerfislæg afstaða karlveldisins til nauðgana og núturleg afstaða þess til kvenna birtist ekki bara í dómum. Forvitnilegt dæmi úr myndlistargagnrýni frá árinu 1950 skal að endingu nefnt en það vitnar meðal annars um að nauðgun er ekki fyrst og fremst glæpur í augum allra karla:

Nauðgun á fallettu fjalli í myndtúlkun er álíka syndsamleg og líkamleg nauðgun á *fallegrri og engilbreinni stúlku*, þó að síðarnefnda brotið lúti lögmálum, sem eru *ofurlítið annars eðlis* en hið fyrrnefnda. *Hvort tveggja er brot á lögmálum hins fagurfræðilega.*²⁰

2.

Enda þótt sagan leggi til ófá dæmi um kynbundið ofbeldi er það ekki fyrr en með kvenréttindabaráttu síðustu alda á Vesturlöndum að menn fara að gefa því ærlegan gaum og sinna því sem viðfangsefni fræða. Kvennabaráttunni hefur gjarna verið lýst sem bylgjum femínisma er hver mótast af nýjum hugmyndum og breyttum áherslum í takt við tíðaranda, samfélagsgerð og félagslega stöðu kvenna á hverjum tíma.²¹ Sú fyrsta hófst á miðri nítjándu öld og varaði fram á miðjan þriðja áratug síðustu aldar. Á þeim tíma börðust femínistar fyrir auknu sjálfstæði til jafns við karla og lögðu áherslu á að ná fram ýmsum borgaralegum réttindum fyrir konur eins og kosningarétti, kjörgengi og aðgangi að menntun.²² Á Íslandi fengu konur yfir

²⁰ Steingrímur Sigurðsson, „Evrópusýning íslenzkrar myndlistar“, *Lif og list* 9/1950, bls. 3–11, hér bls. 6, leturbreyting okkar.

²¹ Í bók frá 2017 fjallar Prudence Chamberlain sérstaklega um „bylgju“ hugmyndina og reynir að gera hana að nýtilegra tæki til að vinna með. Sjá Prudence Chamberlain, *The Feminist Fourth Wave: Affective Temporality*, London: Palgrave/MacMillan, 2017.

²² Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Að gera til að verða: Persónusköpun í íslenskri kvennabaráttu“, *Fléttur 1: Rit Rannsóknastofu í kvennafræðum*, ritstj. Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir, Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum Háskóli Íslands og Háskólaútgáfan, 1994, bls. 87–114, hér bls. 89–91.

fertugu kosningarétt 1915 en fimm árum síðar, 1920, var öllum konum 25 ára og eldri veittur réttur til að kjósa.²³ Þrátt fyrir aukin réttindi snemma á tuttugustu öld voru ýmis kynferðismál ekki í brennidepli hjá femínistum fyrstu bylgjunnar. Kannski var útbreitt viðhorf Ágúst H. Bjarnasonar, síðar háskólaprófessors, sem sagði í bókadómi á fyrsta áratug tuttugustu aldar: „Það er nú hvorki kvenlegt umtalsefni í sjálfu sér né smekklegt að vera að gera að hugleiðinga efni ástalaust samræði karls og konu.“²⁴

Kynferðismál voru hins vegar á dagskrá í annarri kvenréttindabylgjunni sem hófst hérlendis uppúr 1970. Á þeim tíma áttu sér miklar pólitískar hræringar stað sem konur tóku þátt í, til dæmis var Rauðsokkahreyfingin stofnuð 1970 en þegar hún leið undir lok kom Kvænnaframboðið fram árið 1982. Á þessum áratugum héldu femínistar áfram að berjast fyrir jöfnum rétti karla og kvenna á opinbera sviðinu, svo sem jöfnum launum, jöfnu aðgengi að menntun og dagvistun barna. Þeir lögðu líka áherslu á mikilvægar breytingar á einkasviðinu sem fólust til dæmis í því að konur réðu yfir eigin líkama og ættu rétt á að nota getnaðarvarnir og fara í fóstur-eyðingar.²⁵ Þá voru kynferðisafbrot einnig til umræðu en til marks um það má nefna að á áttunda áratugnum komu Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir ásamt öðrum norrænum konum að ráðstefnu þar sem augum var sérstaklega beint að ofbeldi í fjölskyldunni, nauðgunum og vændi.²⁶ Í framhaldinu gerðu þær stöllur fyrstu íslensku athuginina á ofbeldi í nánnum samböndum og byggðu hana á sjúkkraskrá slysavarðstofu Borgarspítala árið 1979.²⁷ En í blaðaumfjöllun um fyrrnefnda ráðstefnu kemur fram að víða á Norðurlöndum séu „starfrækt neyðarathvörf þar sem konur og börn geta leitað hælis og fengið

²³ „Sagan“, *Konur og stjórnmál*, sótt 11. desember 2018 af <http://www.konurogstjornmal.is/atburdir/#atburdur/yfirlýsing-um-rett-konunnar>.

²⁴ Ágúst Bjarnason, „Bókmentir: Ólöf í Ási“, *Reykjavík*, 30. nóvember 1907, bls. 267–268, hér bls. 268.

²⁵ Um aðra bylgju femínisma sjá Kathleen P. Iannello, „Women’s Leadership and Third-Wave Feminism“, *Gender and Women’s Leadership: A Reference Handbook*, ritstj. Karen O’Connor, Sage Publishing 2010, bls. 70–77, hér bls. 71. Um aðra bylgju femínisma á Íslandi sjá t.d. Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir, *Vera 1/2002*, bls. 16–19, hér bls. 17. Um Rauðsokkur og starf þeirra sjá *Á rauðum sokkum: Baráttukonur segja frá*, ritstj. Olga Guðrún Árnadóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum (RIKK), 2011.

²⁶ Sjá „Vændi, nauðganir og valdbeiting í fjölskyldunni“, *Þjóðviljinn*, 11. mars 1979, bls. 12.

²⁷ Sjá Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum: orsakir, afleiðingar, úrræði*, Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2008, bls. 62.

aðstoð ef þær þurfa að flýja undan barsmíðum eða nauðgunum“.²⁸ Sama ár og niðurstöður rannsóknar fræðikvennanna þriggja var birt, árið 1982, var Kvennaathvarfið á Íslandi stofnað.²⁹ Á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars árið 1989 komu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félögum svo saman og héldu baráttufund í Hlaðvarpanum. Konurnar ákváðu að helga daginn kynferðisofbeldi á Íslandi og stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi. Fyrsta verkefni samtakanna var að stofna ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Fjárframlög frá ríkinu fengust ári síðar þannig að á eins árs afmæli samtakanna hófu Stígámót göngu sína.³⁰ Á svipuðum tíma, uppúr 1990, er þriðja bylgja femínisma talin hefjast hérlandis. Hún byggir á grunni fyrstu og annarrar bylgju en erfitt er að rekja hugmyndir hennar nákvæmlega því straumar og stefnur innan hennar eru margvíslegar; þó má segja að hún leggi áherslu á fjölbreytileika og frelsi. Meðal annars hefur verið bent á að meginþema bylgjunnar sé að skoða sögulegar, menningarlegar og sálfræðilegar mótsagnir femínismans.³¹ Í kjölfar þriðju bylgjunnar á Íslandi var byrjað að kenna kvennafræði (sem síðar hlutu nafnið kynjafræði) árið 1996 við Háskóla Íslands og tvö femínistafélög voru stofnuð, annars vegar Bríet, félag ungra femínista, árið 1998 og hins vegar Femínistafélag Íslands árið 2003.³²

Blaðamenn, aðgerðarsinnar og fræðimenn eru nú teknir að kalla ýmislegt sem hefur verið ofarlega á baugi í femínískri baráttu síðasta áratug eða svo fjórðu bylgju femínismans enda þótt hugmyndin um hana hafi ekki öðlast jafnfastan sess og hugmyndin um hinar þrjár.³³ Til einkenna fjórðu bylgjunnar hafa m.a. verið talin húmor, umfjöllun um nauðgunarmenningu, femínismi á vefmiðlum og áherslan á að þörf sé að skoða í samhengi stöðu kvenna og minnihlutahópa í samfélaginu en sú umræða

²⁸ „Vændi, nauðganir og valdbeiting í fjölskyldunni“, bls. 12.

²⁹ „Um samtökin“, *Kvennaathvarf*, sótt 11. desember 2018 af <https://www.kvennaathvarf.is/sagan/>.

³⁰ „Stofnun Stígámóta“, *Stígámót*, sótt 11. desember 2018 af <https://www.stigamot.is/is/um-stigamot/saga-stigamota>.

³¹ Sjá Catherine M. Orr, „Charting the Currents of the third wave“, *Hypatia* 3/1997, bls. 29–45, hér bls. 31.

³² Sjá Auður Magnús Leiknisdóttir og Gunnhildur Sigurhansdóttir, „Brot úr sögu femínismans“, *Vera* 5/2003, bls. 20. Alda Björk Valdimarsdóttir gerir þriðju bylgjunni eða pósthfemínismanum góð skil í bók sinni *Jane Austen og ferð lesandans: Skáldkonan í þremur kvennagreinum samtímans*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2018, t.d. bls. 135–144.

³³ Prudence Chamberlain, *The Feminist Fourth Wave*, bls. 1.

var sett á oddinn strax í þriðju bylgju femínismans.³⁴ Varla er vafamál að umræða um kynbundið ofbeldi almennt – ekki bara nauðgunarmenningu – hefur aukist til muna á þessari öld enda hafa hreyfingar sem eflst hafa í krafti samfélagsmiðla vakið mikla athygli á að slíkt ofbeldi er þaggað niður auk þess sem löggæslumenn og dómstólar virðast ekki taka á því sem skyldi. Dæmi um öfluga hreyfingu af þessu tagi er #MeToo hreyfingin sem breiddist út á örskömmum tíma þegar leikkonan Alyssa Milano tísti um kynferðisofbeldi Harveys Weinstein á síðasta ári.³⁵ Í framhaldinu birtu að minnsta kosti sextán hópar á Íslandi opinberlega frásagnir af kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Frásögnunum fylgdu áskoranir um að brugðist yrði við ástandinu en undir þær skrifuðu þúsundir kvenna. Áður en #MeToo hreyfingin kom til hófst brjóstabyltingin svokallaða og efnt var til druslugöngunnar en hvort tveggja hefur lagt sitt til þess að vitund um kynferðisofbeldi hefur aukist – svo ekki sé minnst á vitund um ólíka stöðu karla og kvenna í samfélaginu í heild; stöðu sem lýsir meðal annars af sjálfu tungumálinu.³⁶ #MeToo hreyfingin, brjóstabyltingin og druslugangan eru skýr dæmi um áherslur fjórðu bylgju femínismans – en einnig mætti nefna ýmsa hópa kvenna á Facebook og öðrum samfélagsmiðlum sem hafa látið til sín taka.³⁷ Í tengslum við þá hafa orðið fjörugar umræður um hvað konur – og karlar – gætu leyft sér að segja í lokuðum hópum á Facebook og annars staðar.³⁸

³⁴ Sama heimild, bls. 2.

³⁵ Aktívistinn T. Burke birti myllumerkið #Metoo á Twitter, fyrst allra árið 2006 til að styðja við bakið á þolendum kynferðisofbeldis. Það fór svo ekki á flug fyrir en 11 árum síðar.

³⁶ Í bók frá 2013 tekur Kira Cochrane dæmi af ýmsum femínískum aktívistum í Bretlandi, segir frá reynslunni sem varð til þess að þær urðu femínistar og gerir grein fyrir því hvað aðgerðir þeirra lögðu til femínisma. Sjá Kira Cochrane, *All the Rebel Women: The rise of the fourth wave of feminism*, London: Guardian Books, 2013.

³⁷ Sem dæmi um hóp af þessu tagi má nefna Facebook-kvennahópinn „Aktívismi gegn nauðgunarmenningu“ en hann var stofnaður 2. júní 2015 „til að skipuleggja frekari aktívisma í kjölfarið á byltingunni sem átti upphaf sitt á Beauty tips“ en markmið hans er að „berjast fyrir breytingu á handónýtu, gerendavænu kerfi, rúst[a] því gamla og byggj[a] nýtt“ eins og segir í upplýsingum um hópinn. Sjá „Aktívismi gegn nauðgunarmenningu“, Facebook, sótt 12. desember 2018 af <https://www.facebook.com/groups/agnid/>.

³⁸ Skemmst er hér að minnast brottrekstrar Kristins Sigurjónssonar úr stöðu lektors við Háskólann í Reykjavík en hann gerði sig beran að óviðurkvæmilegum ummælum um konur í lokuðum hópi á Facebook, sbr. ritstjórn dv, „Lektor við HR segir konur eyðileggja vinnustaði karla: „Konur reyna alltaf að troða sér þar sem karlmenn vinna““, dv, 3. október 2018 [og athugasemdir lesenda], sótt 13. desember

Ónefnt er atriði sem tengist að minnsta kosti tveimur bylgjum femínismans, þ.e. að síðustu áratugi hafa komið fram ýmsar ævi- og lífsreynslusögur – svo og skáldsögur – sem snúast einkum um kynferðislegt ofbeldi. Með sífellt fleiri frásögnum af þessum toga hafa menn tekið að horfast í augu við kynbundið valdamunstur sem viðgengst í samtímanum (jafnt í þröngu sem víðu samhengi) og orðið gagnrýnni en fyrr á ýms lög, dóma og fyrningarákvæði. Krafa um að réttlæti nái fram að ganga í dómsmálum sem tengjast kynbundnu ofbeldi hefur jafnframt orðið háværari. Dómskerfið hefur verið gagnrýnt fyrir að starfa gegn vitund almennings um hlutverk réttarins, til dæmis með því að fella niður stóran hluta nauðg-naurarkæra.³⁹

Barátta femínista á ólíkum tímum hefur skilað miklum árangri þó að enn virðist nokkuð langt í land hérlandis að jafnri stöðu karla og kvenna verði náð, svo ekki sé minnst á bága stöðu ýmissa minnihlutahópa. Vitundarvakningin sem hefur orðið um kynbundið ofbeldi sem glæp verður þó vonandi til að bæta meðferð slíkra mála, bæði hjá framkvæmda- og dómsvaldi.

3.

Fyrstu niðurstöður rannsókna Örnú Hauksdóttur og Unnar Valdimarsdóttur á áfallasögum kvenna benda til þess að um fjórðungur íslenskra kvenna hafi orðið fyrir nauðgun eða nauðgunartilraun á lífsleiðinni.⁴⁰

2018 á <http://www.dv.is/frettir/2018/10/03/lektor-vid-hr-segir-konur-eydileggjavinnustadi-karla-konur-reyna-alltaf-ad-troda-ser-thar-sem-karlmenn-vinna/> og Kolbrún Bergþórsdóttir, „Vonda skoðunin“, *Fréttablaðið* 12. október 2018, bls. 12. Seinna var mikið rætt um ummæli kvenna um Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmenn en þau birtust í öðrum lokuðum hópi á Facebook, sjá t.d. Bryndís Silja Pálmadóttir, „Kallaður kvikindi og illfygli í netheimum“, *Fréttablaðið*, 19. október 2018, sótt 14. desember 2018 af <https://www.frettabladid.is/frettir/bur-a-fundeftir-a-hafa-veri-kallaur-kvikindi-og-illfygli>; Baldur Guðmundsson, „Segir Jón Steinar vera varðhund feðraveldisins“ [viðtal við Töru Margréti Vilhjálmadóttur“, *Fréttablaðið* 20. október 2018, sótt 14. desember 2018 af <https://www.frettabladid.is/frettir/segir-jon-steinar-varhund-feraveldisins>, og Eva Hauksdóttir, „Tilraun til þöggunar“, *Kvennablaðið*, 25. október, 2018, sótt 10. desember 2018 á <https://kvennabladid.is/2018/10/25/tilraun-til-thoggunar/>.

³⁹ Heildstæðasta íslenska ritið um þetta málefni er vafalaust bók Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur *Á mammamáli: ofbeldi á Íslandi*, Reykjavík: JPV, 2009, sjá t.d. kaflana „Kerfið“ og „Á velli stjórnmála“, bls. 103–237.

⁴⁰ Sjá Kristín Ólafsdóttir, „Dæmin sýna hvað áföll geta verið mismunandi“, viðtal við Örnú Hauksdóttur, *Vísir*, 15. nóvember 2018, sótt 11. desember 2018 af <http://www.visir.is/g/2018181119245>.

Ónefnd eru þá áföll karla sem nokkur bannhelgi virðist enn vera á.⁴¹ Ein greinanna í þessu hefti snýst um sársaukann sem sjálfsævisöguleg skrif um kynbundið ofbeldi hafa valdið karlriðhöfundi, nánar tiltekið um sársaukann sem viðtökurnar við skrifunum ýfðu upp. Reynslan sem hann miðlaði var tabú, í samfélagi sem segist þó fordæma ofbeldi. En í umræðu um ofbeldi er mikilvægt að raddir allra brotaþola fái að hljóma án þess að þeim finnst þeir smánaðir.

Markmiðið með þessu *Riti* er að kynna efni um kynbundið ofbeldi af ýmsum rannsóknarsviðum, ekki aðeins úr hugvísindum heldur t.d. líka félagsvísindum og heilbrigðisvísindum. Einnig var leitað til rithöfunda til að sem víðust sýn fengist. Þemagreinararnar eru alls átta, þar af sex sem eru ritrýndar.

Í grein sinni um ljóðabókina *Drápu* eftir Gerði Kristnýju velta Alda Björk Valdimarsdóttir dósent í almennri bókmenntafræði og Guðni Elísson prófessor í almennri bókmenntafræði því meðal annars fyrir sér hvernig unnt sé að miðla kynbundnu ofbeldi þannig að frásagnirnar lýsi upp aðstæður og veruleika fjölda kvenna sem búa við ofbeldi – án þess að mikla ofbeldisverknaðinn sjálfan. *Drápa* fjallar um sannsögulegt morðmál, þegar ung kona var myrt af eiginmanni sínum í vetrarmyrkrinu í Reykjavík á 9. áratugnum. Morðið var eitt þeirra fjölmörgu ofbeldismála sem Gerður Kristný fjallaði um á árum sínum sem ritstjóri og blaðamaður. Í ljóðabálknum sækir skáldið einnig til glæpabókmennta og goðsagna sem greinarhöfundar lesa saman við dómsskjöl, fréttir og viðtöl við ofbeldismanninn.

Ingibjörg Eyþórsdóttir doktorsnemi í íslenskum bókmenntum fer lengra aftur í tímann en Alda og Guðni því hún fjallar um kynbundið ofbeldi í íslenskum sagnadönsum. Hún skoðar meðal annars bakgrunn sagnadansanna og upphaf þeirra á Íslandi. Ingibjörg beinir sjónum sínum að sjö kvæðum sem hún notar til að sýna mismunandi birtingarmyndir ofbeldis en þau kvæði eiga það sameiginlegt að vera hádramatísk og segja frá erfiðri reynslu á borð við nauðganir, barnadauða og harðræði. Ingibjörg ræðir einnig ósamræmið sem virðist felast í því að syngja og kveða á dansskemmtunum kvæði sem fjalla um erfiðleika. Þá leiðir hún líkur að því að

⁴¹ Ýmislegt hefur verið gert til að hjálpa körlum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Til dæmis hafa Stígamót gefið út bækling fyrir og um karlkyns brotaþola kynferðisofbeldis auk þess sem körlum gefst þar færi á að fá ráðgjöf til að vinna úr reynslu sinni. Sjá „Fyrir karla“, *Stígamót*, sótt 11. desember 2018 af <https://www.stigamot.is/is/fraedsluefni/fyrir-karla>.

sagnadansar sem fjalla um hlutskipti kvenna hafi einkum verið kveðnir og ortir af konum og jafnvel verið þeim huggun og aðferð til að takast á við kynbundið ofbeldi í raunheiminum.

Þorgerður Einarsdóttir prófessor í kynjafræði og Þórhildur Sæmundsdóttir kynjafræðingur og meistaranemi í lögfræði beita orðræðugreiningu á niðurstöður Hæstaréttar í nauðgunarmálum eftir breytingu kynferðisbrotakafla hegningarlaganna 1992 og 2007 til að kanna hvort bág staða kvenna birtist í niðurstöðum dómstóla. Rannsókn þeirra bendir til þess að nauðgunarmýtur marki enn úrskurði dómara og ábyrgð brotapolá sé enn rík, þótt vera kunni að hún sé duldari en fyrr.

Guðrún Þórhallsdóttir dósent í íslenskri málfræði fjallar um sögu nafnorðanna *gleðimaður* og *gleðikona* auk þess sem hún segir frá nokkrum öðrum samsettum orðum með *gleði*- sem fyrri lið sem hafa verið notuð um karla og konur. Guðrún ber merkingu þessara orða og notkun saman til að athuga hvort orðin um karla séu almennt hlutlausrar merkingar (t.d. samkvæmismaður) en orðin um konur hafi neikvæða merkingu (t.d. vændiskona). Þá ræðir hún um eðli þeirra málbreytinga sem *gleði*-orðin hafa orðið fyrir, m.a. að hve miklu leyti lántaka úr erlendu máli hafi komið við sögu. Guðrún beitir flokkun Lars-Gunnars Andersson á svokölluðum „ljótleika“ orða til að skilgreina merkingarbreytingar nánar. Þá viku hún einnig að viðleitni íslenskra kvenna á undanförunum áratugum til að endurheimta orðið *gleðikona*, þ.e. lífga við merkinguna ‘fjörug kona, kona gefin fyrir gleðskap’ sem heita mátti gleymd.

Björn Þór Vilhjálmsson lektor í kvikmynda- og bókmenntafræði fjallar um samfélagsgagnrýni í skáldsögunni *Kötu* eftir Steinar Braga. Hann nýtir sér hugmyndir franska heimspekingsins Louis Althusser um hugmyndafræðileg og kúgandi stjórnþæki og tengir *Kötu* einnig annarri bylgu feminisma af því að í skáldsögunni birtist andspyrnan gegn feðraveldinu í ofbeldisaðgerðum aðalpersónunnar. Að viti Björns Þórs spyr Steinar Bragi knýjandi spurninga um stöðu kvenna í samtímanum, hlutverk dómstóla og réttlæti og hefnd. Þá veltir Björn því einnig fyrir sér hvað það feli í sér að karlmaður fjalli um kynbundið ofbeldi gegn konum með þessum hætti.

Síðasta ritrýnda þemagreinin er eftir Rannveigu Sigurvinsdóttur lektor í sálfræði við Háskólann í Reykjavík. Rannveig greinir frá niðurstöðum rannsóknar sem fólst í því að skoða 397 íslenskar færslur af samfélagsmiðlunum Facebook og Twitter, þar sem þolendur kynferðisafbrotá greindu frá reynslu sinni. Þessar færslur greinir hún með hliðsjón af því hvernig ofbeldið

var skýrt. Skýringarnar reyndust vera þrennskona; þ.e.a.s. ýmist var þolandanum, gerandanum eða samfélaginu kennt um glæpinn. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þegar kemur að kynferðisofbeldi eru sterkar samfélagslegar staðalímyndir lífseigar. Menn telja að gerandinn sé skrímsli, karlar ráði ekki við kynhvöt sína og að þolandinn hafi verið drukkinn og/eða ekki sýnt nægilegt viðnám gegn verknaðinum. Rannsóknin varpar því auknu ljósi á hve mikilvægt er að vinna gegn slíkum staðalímyndum í framtíðinni.

Tvær óritrýndar greinar eru í heftinu, báðar eftir rithöfunda. Kanadíska skáldkonan Margaret Atwood skrifaði greinina „Am I a Bad Feminist?“ sem birtist í dagblaðinu *The Globe and Mail* í Toronto í ársbyrjun 2018. Tilefni þess að Atwood skrifaði greinina eru atburðir sem áttu sér stað í Háskólanum í Bresku-Kólumbíu fyrir nokkrum árum og ollu meðal annars klofningi í kanadískum bókmenntaheimi. Greinina þýðir Aðalsteinn Eyþórsson, íslenskufræðingur, en ritstjórar semja inngang hennar ásamt Aðalsteini.

Dagana 1.–3. september 2017 var alþjóðlega ráðstefnan Svipbrigði sársaukans (e. *The Many Faces of Pain*) haldin í Háskóla Íslands. Að ráðstefnunni stóðu Stofa í hugrænum fræðum, Háskóla Íslands, Gervigreindarsetur Háskólans í Reykjavík og Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands í samvinnu við Reykjavík – Bókmenntaborg. Ráðstefnan fór fram á ensku og var þverfagleg en markmið hennar var að leiða saman fræðimenn og rithöfunda, fá þá til að bera saman bækur sínar og efla þannig skilning á fyrirbærum sem flestir þekkja af eigin raun. Einn rithöfundanna sem steig á stokk var Hallgrímur Helgason en erindi hans birtist hér í hans eigin þýðingu. Hallgrímur segir frá eigin upplifun á viðbrögðum annarra – þ.á m. neikvæðum viðbrögðum – við nauðgunarlýsingu sem birtist í bók hans *Sjóveikur í München* (2015) – en hún byggir á raunverulegum atburðum úr lífi höfundar.

Eins og komið hefur fram hér á undan er kynbundið ofbeldi – og hefur lengi verið – nóturleg staðreynd í samfélagi okkar. Engum getur dulist að miklu skiptir að skilningur almennings á því sé aukinn og að menn horfist almennt í augu við hversu flókið og fjölþætt fyrirbæri það er. Því er lykiltríði að sem mest sé um það fjallað í ræðu og riti – og á sem fjölbreytilegastan hátt.

BERGLJÓT SOFFÍA KRISTJÁNSDÓTTIR

Prófessor í íslenskum bókmenntum
Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasviði Háskóla Íslands
Árnagarði við Suðurgötu
IS-101 Reykjavík, Ísland
bergljot@hi.is

GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Doktorsnemi í íslenskum bókmenntum
Hugvísindasviði Háskóla Íslands
Sæmundargötu 2
IS-101 Reykjavík, Ísland
gus26@hi.is

SIGRÚN MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

Doktorsnemi í íslenskum bókmenntum
Hugvísindasviði Háskóla Íslands
Sæmundargötu 2
IS-101 Reykjavík, Ísland
sigrun@lesstofan.is